

74

5. júní

3. gr.

Ríkisstjórnin skal, eftir því sem verða má, tryggja það, að þýðendur eða bóka-útgefendur, sem þegar hafa þýtt eða látið þýða erlendar bækur, hafi forgangsrétt til útgáfu þeirra gegn hæfilegri þóknun til eiganda þýðingarréttarins, enda verði bókin gefin út fyrir 31. desember 1948.

Þýðendur og útgefendur, sem notfæra vilja sér þetta ákvæði, skulu senda menntamálaráðuneytinu skrá um bækur þessar innan þess tíma, sem ráðuneytið ákveður með auglýsingu í Lögbirtingablaðinu, og færa sönnur á, ef óskað er, að þýðingarstarfið hafi verið hafið, áður en Ísland óskaði inngöngu í Bernarsambandið.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 5. júní 1947.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Jón Pálmason.

Jón Ásbjörnsson.

(L. S.)

Eysteinn Jónsson.

75

5. júní

L Ö G

um breyting á lögum nr. 85 11. júní 1938, um laun hreppstjóra og aukatekjur m. fl.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

1. gr. laganna hljóðar svo:

Hreppstjórar hafa laun í hlutfalli við íbúatölu umdæmis síns sem hér segir: Í hreppi með 100 íbúa eða færri eru launin 500 kr. Í hreppi með 101—150 íbúa 560 kr. Í hreppi með 151—200 íbúa 620 kr. og svo framvegis, þannig að launin hækki um 60 kr. fyrir hverja 50 íbúa.

Leggi hreppstjóri niður sýslan eða deyi fyrir lok fardagaárs, ber honum eða búi hans $\frac{1}{12}$ árslauna fyrir hvern mánuð eða mánaðarhluta, sem hann hefur gegnt hreppstjórn á fardagaárinu. Árslaun greiðir sýslumaður hreppstjóra á manntalsþingi fyrir hvert liðið fardagaár.

Fjármálaráðherra er heimilt, að fengnum tillögum hlutaðeigandi sýslumanns, að ákveða hreppstjóra hærri laun en segir í 2. málsg., ef hann fer með sýslan í kaптúni, þar sem eru fleiri en 400 íbúar og lögreglustjóri er eigi búsettur í því kaптúni.

2. gr.

Á eftir 11. gr. laganna komi ný grein, svo hljóðandi:

Af aukatekjum þeim, sem taldar eru í 3. til 8. gr. og 10. gr. laganna, greiðir gjaldandi einnig verðlagsuppbót eins og hún er á hverjum tíma.

3. gr.

75

Lög þessi öðlast þegar gildi, og skal greiða samkvæmt þeim hreppstjórallaun þau, 5. júní er í gjalddaga falla á næstu manntalsþingum 1947.

Gjört í Reykjavík, 5. júní 1947.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Jón Pálmason.

Jón Ásbjörnsson.

(L. S.)

Jóhann P. Jósefsson.

L Ö G

76

5. júní

um framlenging á gildi laga nr. 33 7. maí 1928, um skattgreiðslu
h/f Eimskipafélags Íslands.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallið á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Lög nr. 33 7. maí 1928, um skattgreiðslu h/f Eimskipafélags Íslands, skulu gilda árin 1947 og 1948, enda verji félagið tekjuafgangi sínum, þá er það hefur greitt hluthöfum 4% arð, venjuleg sjóðstillög og útsvar samkvæmt framangreindum lögum, til kaupa á skipum eða á annan hátt í þágu samgöngumála.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 5. júní 1947.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Jón Pálmason.

Jón Ásbjörnsson.

(L. S.)

Jóhann P. Jósefsson.

L Ö G

77

5. júní

um félagsheimili.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallið á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Með félagsheimilum er í lögum þessum átt við samkomuhús, sem ungmennafélög, íþróttafélög, lestrarfélög, bindindisfélög, skátafélög, kvenfélög og hvers konar